

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 54 ? 01.09.2005

Fimmtudaginn 1. september, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum.
2. Fjórða veitan. Áskell Heiðar Ásgeirsson sviðstjóri Markaðs- og þróunarsviðs Skagafjarðar mætir.
3. Trúnaðarmál.
4. Samningur við eigendur Bræðraár í Sléttuhlíð.
5. Staða boran út að austan.
6. Staða framkvæmda í Akrahreppi.
7. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Sigrún Alda Sighvats kjörin formaður, Gísli Árnason kjörinn varaformaður og Einar Gíslason kjörinn meðstjórnandi.
2. Áskell Heiðar Ásgeirsson sviðsstjóri Markaðs- og þróunarsviðs Sv. Skagafjarðar kom á fundinn. Gerði hann grein í máli og myndum fyrir þeim hugmyndum sem ræddar hafa verið um Fjórðu veituna þ.e. ljósleiðarvæðingu í Sveitarfélaginu á milli Fjölnets ehf., Skagafjarðarveitna ehf. og Sv. Skagafjarðar. Ákveðið að ræða málið á næsta fundi.

3. Trúnaðarmál.

4. Páll Pálsson veitustjóri lagði fram samning dags. 1. september 2005 við eigendur Bræðraá í Sléttuhlíð, vegna borunar og vinnslu á heitu vatni á jörðinni. Veitustjórn samþykkti framlagðan samning.

5. Páll Pálsson veitustjóri gerði grein fyrir upphafi boranna Út að austan nú í vikunni. Fyrst voru boraðar tvær rannsóknarholur í Deildardal, en borun á vinnsluholu á Bræðraá í Hrollleifsdal hefst eftir helgi.

6. Páll Pálsson veitustjóri fór yfir stöðu mála.

7. Önnur mál. - Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.05

Árni Egilsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Einar Gíslason (sign)

Gísli Árnason (sign)

Páll Pálsson (sign)